## MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD

Könnun þessi er gerð fyrir Viðskiptaráð Íslands (VÍ). Markmið hennar var að meta viðhorf forsvarsmanna stærri fyrirtækja til ýmissa þátta í rekstrarumhverfi fyrirtækja.

Könnunin fór fram dagana 13.-31. janúar 2011. Þýði fyrirtækja með 10 starfsmenn eða fleiri var fengið hjá CreditInfo. Úr því var tekið 600 fyrirtækja úrtak. Auk þess var bætt við fyrirtækjum sem eru aðilar að VÍ en voru ekki í úrtakinu. Alls voru því 720 forsvarsmenn í úrtakinu. Allir þátttakendur fengu sendan rafrænan spurningalista í tölvupósti. Send var áminning fjórum sinnum á þá sem ekki höfðu svarað. Hringt var í þá sem ekki svöruðu eftir áminningu og þeim boðið að svara í síma. Þeir sem höfðu ýmist hætt starfsemi eða áttu ekki að vera hluti af úrtaki voru 26.

## SVÖRUN

Upphaflegt úrtak: 720
Eiga ekki að vera hluti af úrtaki: 26
Endanlegt úrtak: 694
Náðist ekki í/svara ekki: 302
Fjöldi svarenda: 392
Svarhlutfall: 56,5%

Reykjavík 4. febrúar 2011
Með þökk fyrir gott samstarf,

Þóra Ásgeirsdóttir
Þorlákur Karlsson
Kristján Ketill Stefánsson

## STUTTAR SKÝRINGAR Á TÖLFRÆÐIHUGTÖKUM Í SKÝRSLU

Meðaltal í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítill munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávikið er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

Kí-kvaðrat próf er marktektarpróf sem er notað til að meta hvort að marktækur munur er á bakgrunnshópum á svarkvörðum sem ekki teljast samfelldir.

## Sp10a. Eru einhverjar opinberar stofnanir, fyrirtæki í opinberum rekstri eða fyrirtæki sem eru í eigu ríkisins í gegnum bankana í samkeppni við þitt fyrirtæki eða ekki?

| | Fjöldi | % Svara | % Svarenda |
|---|---|---|---|
| Nei, engin opinber fyrirtæki eða stofnanir í samkeppni | 84 | 37,5 | 45,2 |
| Já, fyrirtæki í eigu bankanna eru í samkeppni | 69 | 30,8 | 37,1 |
| Já, opinber fyrirtæki eru í samkeppni | 31 | 13,8 | 16,7 |
| Já, opinberar stofnanir eru í samkeppni | 23 | 10,3 | 12,4 |
| Annað, skrifaðu svar | 17 | 7,6 | 9,1 |
| Gild svör | 224 | 100,0 | 120,4 |

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Gild svör | 186 | 47,4 |
| Svara ekki | 36 | 9,2 |
| Svara spurningu 10a | 170 | 43,4 |
| Heildarfjöldi | 392 | 100,0 |

Í þessari spurningu, sem lögð var fyrir rúmlega helming hópsins, var gefinn kostur á nokkrum svarmöguleikum og þar kemur í ljós að tæp 55% svarenda telja að opinberar stofnanir eða fyrirtæki í eigu ríkisins séu í samkeppni við sitt fyrirtæki – sjá samanburð við öðru vísi orðaða spurningu á næstu síðu.

## Sp10b. Telur þú að einhverjar opinberar stofnanir eða fyrirtæki í opinberum rekstri séu í samkeppni við þitt fyrirtæki eða ekki?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Nei, ekki í samkeppni | 88 | 51,8 |
| Já, í samkeppni | 82 | 48,2 |
| Gild svör | 170 | 100,0 |




| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Gild svör | 170 | 43,4 |
| Svara ekki | 36 | 9,2 |
| Svara sp. 10 | 186 | 47,4 |
| Heildarfjöldi | 392 | 100,0 |

Í þessari spurningu (10b), sem tæplega helmingur svarenda fékk og snýst um samkeppni frá hinu opinbera, voru aðeins svarkostirnir já eða nei í boði. Hér segjast aðeins 48,2% svarenda að hið opinbera sé í samkeppni við fyrirtæki þeirra, en tæplega 55% völdu einn af nokkrum „já-kostum“ í spurningu 10a (sjá á bls. fyrir framan). Það er mat Maskínu að „réttara“ hlutfall þeirra fyrirtækja sem eiga í samkeppni við hið opinbera sé 55% þar sem meira af upplýsingum fólst í svarkostunum í þeirri útgáfu spurningarinnar.

## Sp10b. Telur þú að einhverjar opinberar stofnanir eða fyrirtæki í opinberum rekstri séu í samkeppni við þitt fyrirtæki eða ekki?

| | Gild svör | Nei, ekki í samkeppni | Já, í samkeppni |
|---|---|---|---|
| **Starfsmenn** | | | |
| 19 eða færri | 61 | 55,7% | 44,3% |
| 20-49 | 39 | 46,2% | 53,8% |
| 50-99 | 29 | 65,5% | 34,5% |
| 100 eða fleiri | 40 | 40,0% | 60,0% |
| **Ársvelta** | | | |
| Undir 400 milljónum | 54 | 48,1% | 51,9% |
| 400-999 milljónir | 38 | 57,9% | 42,1% |
| 1000 milljónir eða hærri | 71 | 49,3% | 50,7% |
| **Höfuðstöðvar** | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 127 | 48,8% | 51,2% |
| Landsbyggð | 40 | 62,5% | 37,5% |
| **Starfsgrein*** | | | |
| Smásala/heildsala | 34 | **50,0%** | **50,0%** |
| Opinber stjórnsýsla | 4 | **75,0%** | **25,0%** |
| Fiskvinnsla og útgerð | 11 | **81,8%** | **18,2%** |
| Matvælaframleiðsla | 45 | **60,0%** | **40,0%** |
| Orku-/umhverfisst./flutn. | 7 | **28,6%** | **71,4%** |
| Þjónusta | 57 | **42,1%** | **57,9%** |
| **Markaður** | | | |
| Neytendamarkaður | 25 | 44,0% | 56,0% |
| Fyrirtækjamarkaður | 46 | 60,9% | 39,1% |
| Hvoru tveggja | 97 | 48,5% | 51,5% |
| **Alþjóðleg viðskipti** | | | |
| Mikil | 75 | 54,7% | 45,3% |
| Í meðallagi | 28 | 57,1% | 42,9% |
| Lítil/engin | 66 | 47,0% | 53,0% |

*Marktækur munur á milli hópa skv. kí-kvaðrat prófi, ($p < 0{,}05$).